

32. fundur umhverfis-, skipulags- og bygginganefndar.

Haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar 9. okt. 2009 kl. 12:00.

Mætt eru: Vífill Þorfinnsson, Sigurður J. Jónsson, Kristján Úlfarsson, Jóhanna Helgadóttir, Áki Guðmundsson í síma og Gunnólfur Lárusson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð á tölvu.

1. Bréf frá Umhverfisstofnun sem sveitarstjórn Lnb. vísaði til USB .
Í bréfinu er verið að boða á ársfund umhverfisstofnana og náttúruverndarnefnda sveitarfélaga sem haldinn verður 6. nóvember n.k. en sú nefnd heyrir undir USB. Lagt fram til kynningar.
2. Ósk um umsögn um drög að aðalskipulagi Norðurlands 2009-2029 sem sveitarstjórn Lnb. vísaði til USB.
USB gerir engar athugasemdir.
3. Beiðni um niðurrif á Miðfirði 2, Bakkafirði.
Fram kemur í bréfi frá Magnúsi H. Ólafssyni arkitekt fyrir hönd Marinós Oddssonar um niðurrif á gömlu íbúðarhúsi með fastanúmeri 217-0746 og timburhjalli með fastanúmer 221-7298.
USB gerir engar athugasemdir
4. Umsókn frá Sölva Alfreðssyni vegna garðhúss.
En í umsókninni er sótt um 13 m² garðhús við suðurlóðarmörk á Langanesvegi 35.
USB gerir engar athugasemdir.
5. Umsókn frá Kristjáni Úlfarssyni dags 09.09.2009
Kristján vék af fundi undir þessum lið.
Kristján Úlfarsson sækir hér með um leyfi fyrir 9 m² útigeymslu sem hann hyggst byggja við suðurenda húss að Sunnuvegi 11 sem verður smíðuð úr timbri og jární USB gerir engar athugasemdir.
6. Önnur mál:
Samþykkt að halda næsta fund 23.10. n.k og sveitarstjóra falið að senda út eintak af „Samþykkt um umgengni og þrifnað utan húss á starfssvæði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra og Austurlands“
Fundargerðin upplesin og samþykkt, fleira ekki gert og fundi slitið kl.13:00.